



MAÍ 2019

SKÝRSLA

Lokaskýrsla starfshóps

Formáli

Verkefni starfshópsins var í upphafi viðamikið og átti að taka til allra þátta sem hefðu áhrif á þarfir leikskóla Akraneskaupstaðar með tilliti til laga og reglugerða um starfsemina og meta stöðu leikskólanna út frá sömu forsendum. Einnig átti hópurinn að greina þörf á uppbyggingu og fjölgun leikskólaplássanna miðað við sömu forsendur og spá um íbúapróun og koma með tillögur til úrbóta ef þyrfti.

Hópurinn einsetti sér í upphafi að gera stöðumat haustið 2018 og naut aðstoðar skólastjórnenda í leikskólum. Aðstaða leikskólanna var skoðuð ásamt því að rýmisgreina þá út frá rými barna og öðru stoð- og þjónusturýmum. Þegar þær upplýsingar lágu fyrir var ljóst að staðan var ekki góð né viðunandi í þremur leikskólanna og mætti alls ekki þeim kröfum sem gerðar eru í dag til starfsemi þeirra.

Félag leikskólakennara veitti gagnlegar upplýsingar um dvalartíma barna og það rímar vel við forsendur hér á Akranesi.

Það að meta alla þætti sem hafa áhrif í leikskólastarfi var í upphafi ekki raunhæft því þeir snertifletir eru margir og yfirgripsmiklir og í raun hægt að sitja lengi yfir því verkefni án þess að ná því lokamarkmiði. Hópurinn einsetti sér að safna eins miklum upplýsingum og hann átti kost á og teljum við að í þessari skýrslu liggi fyrir greinargóðar upplýsingar um stöðuna eins og hún er í dag og að þær upplýsingar styðji á raunhæfan hátt við þær tillögur sem hópurinn leggur fram um næstu skref í uppbyggingu leikskóla á Akranesi.

Starfshópurinn var sammála um að Akranes hafi alla burði til að vera með þeim bestu þegar kemur að leikskólamálum og skólamálum almennt og með tillögu hópsins er tekið fyrsta skrefið að þeirri vegferð metnaðar og uppbyggingar.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Skipan starfshóps.....	4
Starfstímabil.....	4
Vinnulag.....	4
Helstu þættir sem hafa áhrif á leikskólastarf.....	5
Breytingar á starfsemi leikskóla.....	5
Dvalartími barna.....	6
Húsnæði leikskóla.....	6
Menntunarhlutfall kennara.....	6
Aukin þjónusta – yngri börn.....	7
Íbúaþróun á Akranesi.....	7
Þarfagreining – Staða leikskólanna.....	8
Núverandi staða í leikskólamálum á Akranesi.....	8
Mat leikskólastjóra.....	9
Hvernig metur þú vinnuaðstæður og rými í leikskólum á Akranesi í dag?.....	9
Hvernig myndir þú vilja sjá aðstæður í leikskólunum? Sbr. rými og aðbúnað.....	9
Hvað telur þú vera mestu álagsvalda í leikskólastarfi?.....	9
Tillögur að úrbótum.....	9
Hver er staða leikskólanna á Akranesi.....	10
Garðasel.....	10
Teigasel.....	10
Vallarsel.....	11
Kostnaðarmat.....	11
Heimsóknir.....	13
Áfangaskil fyrir skóla- og frístundaráð.....	13
Bygging nýs leikskóla.....	13
Verk- og tímaáætlun?.....	14
Áfangatillögur.....	14
Þættir sem þarf að huga við byggingu nýs leikskóla.....	15
Faglegt starf í leikskólum.....	16
Samantekt á niðurstöðum.....	17
Fylgiskjöl.....	1
Erindisbréf.....	2

Samantekt á svörum leikskólastjóra	3
Áfangaskil fyrir skóla- og frístundaráð janúar 2019	6
Áfangaskil fyrir skóla- og frístundaráð mars 2019	10
Ályktun frá foreldraráði Garðasels.....	15

Inngangur

Starfshópur um framtíðarþörf á leikskólaplássum á Akranesi var skipaður af bæjarstjórn með erindisbréfi dags 13. september 2018. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hópsins væri að gera þarfagreiningu á stöðunni í dag miðað við íbúafjölda, húsnæði og það þjónustustig sem nú er hjá leikskólunum eða aukið þjónustustig.

Verkefni starfshópsins

- Skilgreina alla þá þætti sem hafa áhrif á þarfir leikskólans og tekið sé mið af þeim lögum og reglugerðum og öðrum forsendum sem leikskólastarf byggir á
- Meta stöðu leikskólanna byggð á ofangreindum skilgreiningum
- Leggja mat á þörf á leikskólaplássum út frá þarfagreiningu og spá um íbúapróun
- Koma með tillögur um leiðir til þess að mæta þörf á leikskólaplássi á komandi árum, ásamt kostnaðarmati eins og kostur er

Hópurinn átti að meta stöðu leikskólanna byggða á ofangreindum skilgreiningum og leggja mat á þörf fyrir leikskólapláss út frá þarfagreiningu og íbúapróun. Einnig átti hópurinn að koma með tillögur um leiðir til þess að mæta þörf á leikskólaplássum á komandi árum, ásamt kostnaðarmati eins og kostur væri.

Þessi skýrsla er afrakstur vinnu starfshópsins og inniheldur hún m.a. yfirlit yfir vinnulag hópsins, núverandi stöðu í leikskólamállum og hvað gögn voru fengin í vinnuferlinu. Í lok skýrslunnar er farið yfir niðurstöður hópsins og tillögur að leiðum. Starfshópurinn tók mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 í vinnu sinni.

Skipan starfshóps

- Bára Daðadóttir fulltrúi meirihluta bæjarstjórnar, formaður
- Þórður Guðjónsson fulltrúi minnihluta bæjarstjórnar.
- Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.
- Ingunn Ríkharðsdóttir leikskólastjóri.
- Vilborg Valgeirsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Starfstímabil

Starfshópurinn átti að hefja störf eigi síðar en 1. október. Gert var ráð fyrir að starfshópurinn kynnti stöðuna í framvindu verkefnisins á fundi skóla- og frístundaráðs fyrir 1. febrúar 2019 og lokaniðurstöður í maí 2019.

Vinnulag

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 28. september 2018. Alls voru haldnir 12 fundir hjá hópnum.

Í upphafi vinnunnar var lögð áhersla að skilgreina umfang verksins og greina núverandi stöðu leikskólanna á Akranesi. Starfshópurinn var beðin um að skila áfangaskýrslu í janúar 2019 með upplýsingum varðandi stöðu mála vegna innritun í leikskóla haustið 2019.

Tillögur starfshóps

Starfshópurinn leggur til að byggður verði nýr sex deilda leikskóli með möguleika á stækkun í átta deilda. Hópurinn leggur til að staðsetning hans verði í Skógarhverfi og að nýi leikskólinn taki við starfsemi leikskólans Garðasels.

Tillagan byggir á þarfagreiningu starfshóps sem tekur mið af stöðu leikskólamála á Akranesi í dag, íbúápróun og niðurstöðum gagnaöflunar.

Kostnaðar mat á tillögunum er:

Sex deilda leikskóli	Stærð í fermetrum	Byggingakostnaður húss	Frágangur lóðar	Samtals kostnaður
Hönnun				30.000.000
Hús, 6.deildir	1.182	470.000		555.540.000
Tækjabúnaður				30.000.000
Lóð	6.818		15.000	102.270.000
Samtals				717.810.000
Frjáls skráning vsk á móti				138.930.968
Nettó kostnaður í byrjun				578.879.032

Starfshópurinn setur einnig fram tillögu um að breytingar á viðmiðum á reikningum á rými pr. barn. Farið verður úr 3 m² á leikrými pr. barn í 3,5 m².

Gert er frekar grein fyrir forsendum tillögu starfshópsins í eftirfarandi skýrslu.

Helstu þættir sem hafa áhrif á leikskólastarf

Fjölmargir þættir hafa áhrif á leikskólastarf og ákvað starfshópurinn að skilgreina þættina og leggja mat á stöðuna á Akranesi útfrá þeim.

- Breytingar á starfsemi leikskóla
- Dvalartími barna
- Húsnæði leikskóla
- Íbúápróun
- Menntunarhlutfall kennara
- Yngri börn innrituð í leikskóla
- Kjarasamningar

Breytingar á starfsemi leikskóla

Leikskólastarf hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum en í byrjun voru starfrækt dagheimili Leikskólinn er fyrsta skólastigið og annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Leikskólarnir starfa eftir aðalnámskrá sem mennta- og menningarráðuneytið setur fram. Auknar kröfur eru gerðar um faglega þróun starfs og stuðla og efla almennan þroska barna. Starfshópurinn fékk Harald Frey Gíslason formann Félags leikskólakennara á

fund til sín þann 14. mars 2019 og bauð fulltrúum bæjarstjórnar Akraness að sitja fundinn. Haraldur Freyr fór yfir þróun leikskólastarf og þær nýju áskoranir sem leikskólinn er að glíma við. Helstu áskoranir sem hann nefndi snéru að nýliðun stéttarinnar, breytingar á starfskjörum og þeim hugmyndum að nýir kennarar fái leyfisbréf til kennslu óháð skólastigi.

Dvalartími barna

Stærsta breytingin sem átti sér stað varðandi starfsemi leikskóla kom í kjölfar einsetningu grunnskólanna árið 2002. Við þær breytingar breyttist dvalartími barna og lengdist og í dag hefur dvalartíminn lengst enn frekar. Áður fyrr voru flest börn að hámarki 4 til 6 tíma á dag í leikskóla, ýmist fyrir eða eftir hádegi og leikskólarnir tvísetnir að mestu leyti. Börnin komu með nesti með sér í skólann og einungis 1/3 hluti þessara barna var í heilsdagsdvöl og fengu þrjár máltíðir í skólanum. Mötuneyti / eldhús voru því hugsuð fyrir fámennan hóp barna og starfsfólks. Í dag eru nær öll börn í 8 – 8,5 tíma vistun sem felur í sér miklar breytingar á nýtingu húsnæðis eins og útbúa þarf þrjár máltíðir á dag, morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu.

Húsnæði leikskóla

Leikskólar á Akranesi eru ekki undanskildir þessum breytingum og hafa þær átt sér stað samhliða fólksfjölgun í bænum. Húsnæði þriggja leikskóla, Garðasels, Teigasels og Vallarsels, var byggt fyrir aðra starfsemi en nú fer þar fram og uppfyllir því ekki þær kröfur og væntingar sem gerðar eru í dag. Lítið sem ekkert geymslurými er í leikskólunum, hvort sem það er fyrir keypt aðföng eða tækjabúnað. Fataherbergin voru ekki hönnuð fyrir þennan fjölda allan daginn og því er þröngt á þingi á álagstímum. Vinnuherbergi kennara eru lítil og erfitt getur getur verið fyrir leikskólastjórnendur að mæta þörfum þeirra og uppfylla kjarabundna rétti til undirbúnings. Leikskólakennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn eiga rétt á undirbúning en í litlum rýmum þar sem aðstaða er takmörkuð og einungis rými fyrir örfáa í einu skapar erfiðleika við skipulagningu. Litlar eða engar endurbætur hafa verið til að mæta þessum miklu breytingum. Vallarsel var stækkað árið 2004 um þrjár deildir en lítil uppfærsla var gerð á öðrum rýmum skólans.

Deildarrýmin eru lítil í Garðaseli og Teigaseli og eldri hluta Vallarsels þar sem ekki var gert ráð fyrir þessum fjölda barna í svona langan tíma í einu. Í flestum leikskólunum á Akranesi eru samtímis 20-25 börn á deild. Húsnæði og rými í Akraseli er mun meira, bæði fyrir börn og starfsfólk og einnig er þar gert ráð fyrir samráðsrýmum sem eru nauðsynleg í dag.

Menntunarhlutfall kennara

Hröð breyting leikskólastigsins gerir kröfur um fleiri leikskólakennara og annað fagfólk og sú fjölgun er ekki að nást og á það ekki eingöngu við hér heldur á landsvísu. Í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 87/2008 er tilgreint að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Leikskólar á Akranesi uppfylltu þessi skilyrði lengi vel en staðan er önnur í dag. Hlutfall þeirra sem eru með leyfisbréf leikskólakennara og eru starfandi við leikskólanna er eftirfarandi:

Hlutfall leikskólakennara af heildarstöðugildum:

Akrasel	39,30 %
Vallarsel	44,56 %
Teigasel	28,52 %

Garðasel 54,15 %

Við útreikninga á stöðugildum í leikskólum er unnið út frá reiknilíkani og þar er fundið út barngildi. Barngildið er hærra eftir því sem börnin eru yngri og vegna þeirra þróunar sem á sér stað að yngri börn eru innrituð í leikskóla fjölgar stöðugildum. Þessi þróun hefur það í för með sér að endurnýjun leikskólakennarastéttar nær ekki að fylgja með.

Aukin þjónusta – yngri börn

Árið 2018 fengu yngri börn boð um leikskólapláss, en viðmiðin í verklagsreglum um leikskóla á Akranesi kveða á um innrituð inn í leikskóla. Í núverandi verklagsreglum um starfsemi leikskóla á Akranesi gr. 1.3 segir að barn getur innritast í leikskóla á því ári sem það verður tveggja ára, <https://www.akranes.is/static/files/2017/skoli-fristund/verklagsreglur-leikskola.pdf>. Haustið 2018 voru yngstu börnin sem fengu boð um leikskóladvöl fædd í maí 2017 og voru því rétt um 15 mánaða. Yngri börn hafa aðrar þarfir og umhverfið þarf að taka mið af þeirra þörfum. Nú þegar börn frá 15 mánaða aldri hefur verið boðin leikskóladvöl kemur í ljós að aðstæður í leikskólum, deildar- og útsvæði, fullnægja ekki þeim kröfur sem gerðar eru til aðstæðna fyrir svo ung börn. Yngstu börnin dvelja meira á gólfinu við leik og því er mikilvægt að gott rými sé fyrir þau. Svefnrými þarf að vera til staðar og þar sem mörg ung börn eru þyrftu rýmin að vera jafnvel tvö. Af reynslu leikskólanna á inntöku í ágúst 2018 kom í ljós að útsvæði hentaði illa og mættu illa þörfum þessa hóps. Ungbarnaleiktæki voru ekki til staðar, eins og ungbarnarólur, opnu rýmin í garðinum voru þeim krefjandi og ekki alltaf örugg. Leikskólastjórnendur nefna að það þyrfti að stúka af sérsvæði fyrir yngstu börnin þar sem hætta getur skapast þegar eldri börn þeytast um garðinn t.d. á hjólum. Mat leikskólastjórnenda eftir þeirra reynslu á þessu skólaári eru eftirfarandi þættir nefndir sem þarf að huga betur að:

- Góð skiptiaðstaða, þar sem gert er ráð fyrir góðri vinnuaðstæðum starfsfólk með því að hafa upphækklegt skiptiborð. Aðstaða fyrir bleiur og annað sem fylgir slíkri umönnun. Búið er að bæta aðstöðuna að mörgu leiti í leikskólunum.
- Gott svefnrými, aðstaða fyrir geymslu á dýnunum og sængurfatnaði, nægilegt rými fyrir þann fjölda barna sem sefur hverju sinni og góð loftun sé í rýminu.
- Gólfpláss, yngstu börnin eru meira á gólfinu í leik og starfi og þarf gólfplássið að gera ráð fyrir því ásamt því að pláss sé fyrir borð og stóla.
- Að fjöldi yngri barna á deild verði afmarkaður.
- Fataherbergin taki mið af svona ungum börnum en hæð fatahólfa er ekki í samræmi við hæð barnanna. Gott rými þarf að vera í fataherbergjum þar sem börnin þurfa mikla aðstoð við að klæðast og þeim fylgir mikill fatnaður, bæði aukafatnaður sem og útifatnaður, þar sem þau hreyfa sig minna í útiveru en börnin sem eldri eru.
- Afmarkað útsvæði fyrir yngstu börnin á leiksvæðinu og viðeigandi leiktæki.
- Kennarar fái fræðslu og aukna þekkingu í hvernig best sé að kenna og virkja ung börn, Starfsmenn fái tækifæri til endurmenntunar til þess að geta betur mætt þroskastigi yngsta barnahópsins.

Íbúapróun á Akranesi

Samkvæmt mannfjöldaspá sem unnin var árið 2015 er íbúapróun á Akranesi í samræmi við meðalhófsspá en í dag eru íbúar kaupstaðarins rúmlega 7400.

Tafla tekin úr skýrslu sem kom út árið 2015 um mannfjöldaspá fyrir Akranes árin 2020 og 2025

Ár	Hófstillt spá	Meðalhófsspá	Bjartsýnisspá
2013	6697	6697	6697
2014	6723	6723	6723
2015	6747	6747	6747
2016	6887	7132	7377
2017	6967	7302	7637
2018	7028	7395	7762
2019	7088	7465	7842
2020	7153	7532	7910
2021	7227	7603	7979
2022	7309	7682	8055
2023	7400	7770	8140
2024	7501	7868	8234
2025	7612	7975	8338

Íbúafjöldi á Akranesi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, 1. janúar ár hvert.

2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
6.592	6.625	6.699	6.767	6.908	7.051	7.259	7.411

Eins og sést á þessari þróun varð fjölgunin árið 2017 til byrjun árs mjög mikil eða nær 400 nýir íbúar. Ef þróun á fólksfjölda verður áfram þessi má gera ráð fyrir að á næstu fimm árum verða íbúar Akraneskaupstaðar orðnir tæplega 8000. Mikilvægt er að kaupstaðurinn sé vel undirbúin og í stakk búin að takast á við þessa fjölgun. Starfshópurinn telur mikilvægt að öll grunnþjónusta sé til staðar því að leiða megi líkur á fjölskyldufólk horfir fyrst á stöðu mála varðandi alla þjónustu fyrir börn og unglinga.

Áherslupættirnir eru fjölmargir eins og kemur fram hér að ofan og til þess að starfshópurinn hefði forsendur til að leggja mat á stöðuna á Akranesi fór fram þarfagreining.

Þarfagreining – Staða leikskólanna

Núverandi staða í leikskólamálu á Akranesi

Í dag eru fjórir leikskólar starfandi, Akrasel, Garðasel, Vallarsel og Teigasel. Akrasel og Vallarsel eru sex deilda og Garðasel og Teigasel þriggja deilda. Leikskólapláss eru fyrir 441 börn. Árið 2018 var hægt að bjóða yngri börnum en verklagsreglur um leikskóla á Akranesi kveða á um pláss. Ástæðan fyrir því að fyrir var laust rými en leikskólarnir voru ekki fullnýttir. Börnum í hverjum árgangi hefur verið að fækka og hér fyrir neðan má sjá hvernig þróunin á fjölda barna í leikskólunum hefur verið.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar varðandi fjölda barna á 1 ári hvers árs

2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
115	97	103	95	96	90	94	90

Fjöldi barna í leikskóla eftir árum

Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Fjöldi	405	404	418	406	424	419	409	416	442

Mat leikskólastjóra

Spurningalisti var sendur á leikskólastjórnendur leikskólanna á Akranesi þar sem þeir voru beðnir um að svara eftirfarandi spurningum varðandi þætti sem snúa að núverandi stöðu í hverjum leikskóla fyrir sig og svo spurningum varðandi hvernig þeir myndu vilja sjá stöðuna vera. Í kjölfar spurningarlistans komu leik- og aðstoðarleikskólastjórar á fund starfshópsins í febrúar og fylgdu eftir svörum sínum.

Hvernig metur þú vinnuaðstæður og rými í leikskólum á Akranesi í dag?

Í svörum skólastjórnenda var að finna samhljóm varðandi vinnuaðstæður og rýmið, að Akraseli undaskildu. Húsnæði leikskólanna kallar á að gerðar verði endurbætur á þeim þar sem starfsemi leikskólanna hefur tekið þessum breytingum frá byggingu þeirra. Stjórnendur nefna að rými barna sé of lítið þar sem fjöldi þeirra hefur aukist. Vinnu- og skrifstofurými eru ófullnægjandi og ekki sé gert ráð fyrir sérkennslu- né fundaraðstöðu. Mötuneytin eru lítil og vinnuaðstaða starfsmanna ekki góð, eins er lítið geymslurými. Starfsmannarými eins og kaffistofa, vinnuherbergi og salernisaðstaða er verulega ábótavant

Hvernig myndir þú vilja sjá aðstæður í leikskólunum? Sbr. rými og aðbúnað.

Stjórnendur í leikskólanum Teigaseli, Garðaseli og Vallarseli (Akrasel er undanskilin) eru allir sammála um að bæta þurfi starfsmannarými, kaffistofu og undirbúningsherbergi, á þann hátt að það færi vel um starfsmenn og nýting á rýmum væri hið besta. Þeir nefna allir hversu mikil vöntun er á fundarrými. Einnig myndu þeir vilja sjá að útisvæði og deildarrými væri bætt með tilliti til yngstu barnanna.

Hvað telur þú vera mestu álagsvalda í leikskólastarfi?

Stjórnendur telja að mestu álagsvaldana í starfinu er fyrst og fremst fjöldi barna í sama rými. Reiknað rými pr. barn er 3 m² sem þeir telja alltof lítið. Fleiri þættir sem tengjast fjölda barna er léleg hljóðvist inn á deildum. Viðvera barna sem og viðvera starfsmanna inn á deildum er löng.

Tillögur að úrbótum

Helstu tillögur leikskólastjóra til úrbóta er að fækka börnum pr. rými en fermetraviðmiðin eru 3 m². Bæta þurfi úr hljóðvist í deildarrýmum, búið að er bæta hljóðvist í nokkrum rýmum í leikskólunum Teigaseli og Garðaseli og upplifa starfsmenn mikinn mun á hljóðvist. Halda þarfa áfram í þessari vegferð að bæta hljóðvist. Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsmanna Aðrar tillögur tengdust kjarabundnum réttindum starfsfólks en stjórnendur telja að auka þurfi undirbúningstíma kennara og leiðbeinenda, stytta þurfi viðveru kennara inn á deild og nefndu í því tilviki styttingu vinnuvikunnar.

Hver er staða leikskólanna á Akranesi

Eins og kemur fram í rýningunni með stjórnendum leikskólanna er þörf á endurbótum á húsnæði leikskólanna. Þar er Akrasel að mestu undanskilin vegna þess í hversu nýlegu húsnæði hann er í. Eins og áður hefur verið nefnt hefur starfsemi leikskólanna breyst mikið og í leiðinni hefur þurft að aðlaga húsnæði eldri leikskólanna að þessari breyttri starfsemi. Leikskólinn Vallarsel fagnar fjórtíu ára afmæli sínu í ár og þegar hann var byggður var starfsemin, börn ýmist fyrir eða eftir hádegi sem kallað var dagheimili. En leikskólar hafa þróast úr því að vera dagheimili í að sinna hlutverki fyrsta skólastigsins. Viðvera barna hefur aukist jafnt og þétt sem þýðir að álag dreifist ekkert yfir daginn heldur er allan daginn. Akranes er bær í uppvexti en fjölgun í bænum hefur verið mikil á síðustu árum og samkvæmt spám mun sú þróun halda áfram. Það að auka þjónustustigið og bjóða yngri börnum leikskólaláss kallar á nýjar áskoranir og áherslur. Allir þessir áhrifaþættir hafa í för með sér miklar breytingar á starfsemi leikskólanna og í leiðinni breytingar á nýtingu húsnæðis. Því er ljóst að gera þarf breytingar á húsnæði Vallarsels, Teigasel og Garðasels. Helstu breytingar fela í sér eftirfarandi:

Garðasel

- Þörf er á að gera breytingar á eldhúsi leikskólans en við byggingu leikskólans var ekki gert ráð fyrir þeim fjölda sem eldað er fyrir í leikskólanum á hverju degi hvað þá að boðið væri upp á þrjár máltíðir á dag fyrir þennan fjölda. Lítið geymslupláss er fyrir matvörur og búnað og vinnuástaða er mjög aðþrengd.
- Fataherbergi eru lítil og þar sem nær öll börn eru með vistun allan daginn fylgir mikill fatnaður hverju barni. Búið er að endurgera tvö fataherbergi sem breytti miklu fyrir börn, foreldra og starfsfólk en enn er eftir að gera endurbætur á því þriðja.
- Vinnuherbergi kennara er mjög lítið og eingöngu geta þrír kennarar unnið í einu og er þá orðið ansi þröngt um þá. Í rýminu er að auki vinnugögn, tæki og annar búnaður s.s. stór prentari sem staðsettur er í þessu litla rými þar sem annað pláss er ekki í skólanum og samkvæmt reglugerð heildbrigðiseftirlitsins ætti ekki að vera þar.
- Þvottahús og ræstingaraðstaða er í sama rýminu sem er mjög lítið og samræmist ekki núgildandi kröfum vinnueftirlitsins.
- Skrifstofa leikskólastjóra er lítil og staðsetning hennar ekki góð þar sem hún er við útidyr leikskólans
- Eitt starfsmannasalerni er í skólanum fyrir 24 starfsmenn og samkvæmt reglugerðum um vinnuumhverfi er það ekki boðlegt.
- Rými fyrir útifatnað starfsfólk er mjög takmarkað.
- Gera þarf úrbætur á hljóðvist í deildarrýmum.
- Engin fundaraðstaða er í skólanum eins og fyrir foreldra, teymi, samráðs eða deildarfundi.

Teigasel

- Mikilvægt er að gerðar verði áframhaldandi úrbætur á hljóðvist á deildum.
- Kaffistofa starfsmanna er mjög lítil og hentar rýmið engan veginn, en í leikskólanum starfa í kringum 20 manns.
- Undirbúningsherbergi kennara er of lítið og vinnurými mjög takmarkað.
- Skrifstofur stjórnenda eru mjög litlar. Inn í leikskólanum er ekkert fundarherbergi, skrifstofur stjórnenda eru því nýttar í ýmsa fundi s.s. foreldraviðtöl, teymisfundi og fleira. Stjórnendur þurfa því að fara af sinni starfstöð til að hliðra til fyrir fundi-.

- Aðstaða fyrir fatnað starfsmanna er ekki mikil en töluvert að hlífðarfatnaði fylgir starfsmönnum sem notaður er til útiveru með börnunum.

Vallarsel

- Kaffistofa starfsmanna er í mjög litlu rými miðað við þann fjölda starfsmanna sem þar starfa, rúmlega 40 starfsmenn starfa við leikskólann.
- Undirbúningsherbergi er lítið og vinnuaðstaða kennara þarfnast úrbóta.
- Geymslurými er mjög lítið.
- Í leikskólanum eru eingöngu tvö starfsmannasalerni.
- Ekkert rými er í leikskólanum sem ætlað er til fundar og þar af leiðandi er listasmiðjan nýtt sem fundaraðstaða. Slíkt fyrirkomulag hefur það áhrif að á meðan fundur er í smiðjunni geta börnin ekki nýtt sér aðstöðuna og fellur því tími sem var úthlutaður í smiðjuna niður.
- Rými til að sinna sérkennslu er lítið og hentar engan veginn því starfi sem þar fer fram.
- Aðstaða fyrir starfsmannafatnað er mjög lítil

Kostnaðarmat

Starfshópurinn fékk sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs inn á fund til sín í október. Á fundinum voru reifaðar hugmyndir um leiðir í því að fjölga leikskólaplássum. Sigurður Páll greindi frá að haustið 2017 voru uppi hugmyndir um að taka á leigu Skátahúsið og opna þar leikskóladeild. Hann greindi frá kostnaðinum varðandi þá leið og einnig þá leið að setja upp lausa kennslustofu við leikskóla.

Stofa við leikskóla	
Fyrri áfangi m. Salernum	81,3
Seinni áfangi	34,0
Verð fyrri áfangi	33.526.480
Verð seinni áfangi	14.034.340
Samtals	47.560.820*

Skátahús, breytingar*	
Stofnframkvæmd	14.136.152
Ekki upp í leigu	3.242.560
Upp í leigu	10.893.592
Leiga á mánuði miðað við 37.mán til skáta	294.421
Raunleiga miðað við heildarumfang (37.mán)	382.058

*Inn í þessar tölur vantar búnaðarkaup og rekstrarkostnað.

Sigurður Páll lagði fram kostnaðaráætlun á byggingu sex deilda leikskóla og húsnaðið væri sambærilegt og leikskólinn Akrasel. Hann fór yfir verk- og tímaferla.

Kostnaður vegna byggingu nýs sex deilda leikskóla er áætlaður:

Sex deilda leikskóli	Stærð í fermetrum	Byggingakostnaður húss	Frágangur lóðar	Samtals kostnaður
Hönnun				30.000.000

Hús, 6.deildir	1.182	470.000	555.540.000
Tækjabúnaður			30.000.000
Lóð	6.818	15.000	102.270.000
Samtals			717.810.000
Frjáls skráning vsk á móti			-
Nettó kostnaður í byrjun			138.930.968
			578.879.032

Ef tekið er mið af rekstrarkostnaði leikskólans Akrasels fyrir árið 2019, sex deilda leikskóli, þá er hann áætlaður kr. 249.988.122. Rekstrarkostnaður þriggja deilda leikskóla sbr. Garðasel er áætlaður fyrir árið 2019, kr. 132.064.954.

Einnig átti starfshópurinn náið samstarf við fjármálasvið Akraneskaupstaðar varðandi vinnu við útreikninga á breytingum á fermetrum pr. barn og/eða fækkun barna á deild.

1. Leikrými yrði 3,5 m² og heildarrýmið 8 m²
2. Leikrými yrði 4,0 m² og heildarrýmið 9 m²
3. Fækka börnum í leikskólanum, fækkun um 2 í hverjum árgangi
4. Fækka börnum í leikskólanum, fækkun um 2 í hverjum árgangi, nema í yngsta yrði fækkun um fjóra.

Niðurstöður útreiknis sýndu eftirfarandi stöðu á hverjum leikskóla fyrir sig:

Gengið er út frá gögnum miðað við gerð fjárhagsáætlunar 2019

	Akrasel					
	Leyfilegur	Núverandi	1.	2.	3.	4.
Heildarfjöldi barna	154	150	125	111	140	138
Fjöldi stöðugilda, ca.		37,65	31,38	27,89	35,83	35,28

	Garðasel					
	Leyfilegur	Núverandi	1.	2.	3.	4.
Heildarfjöldi barna	73	76	63	55	66	63
Fjöldi stöðugilda, ca.		20,5	16,99	14,77	18,47	17,88

	Teigasel					
	Leyfilegur	Núverandi	1.	2.	3.	4.
Heildarfjöldi barna	72	74	59	53	64	62
Fjöldi stöðugilda, ca.		21,04	16,78	15,07	19,15	18,70

	Vallarsel					
	Leyfilegur	Núverandi	1.	2.	3.	4.

Heildarfjöldi barna	143	147	116	103	137	135
Fjöldi stöðugilda, ca.		36,69	28,95	25,71	34,74	34,19

Miðað við leið 1 þá yrði fækkun á stöðugildum og lækkun á kostnaði eftirfarandi:

Akrasel: fækkun stöðugilda um 6,27 og lækkun á kostnaði vegna fækkunar stöðugilda 39.8 millj. kr.

Garðasel : fækkun stöðugilda um 3,51 og lækkun á kostnaði vegna fækkunar stöðugilda 24.4 millj. kr.

Teigasel : fækkun stöðugilda um 4,26 og lækkun á kostnaði vegna fækkunar stöðugilda 26 millj. kr.

Vallarsel : fækkun stöðugilda um 7,74 og lækkun á kostnaði vegna fækkunar stöðugilda 49.2 millj. kr.

Heimsóknir

Starfshópurinn fór í skoðunarferð á höfuðborgarsvæðið þann 10. janúar 2019 en markmið ferðarinnar var að fá skoða samrekstur leik- og grunnskóla, byggingu nýs leikskóla og fá kynningu á skýrslu starfshóps um bættar aðstæður í leikskólum í Hafnarfirði. Hópurinn byrjaði á því fara í heimsókn í Dalskóla en skólastjórinn Hildur Jóhannesdóttir tók á móti hópnum. Hún sagði okkur frá hvernig skólinn hefur þróast úr því að vera smáeining með fáa nemendur í þann skóla sem hann er í dag. Leikskólahlutinn hefur frá byrjun verið rekinn með grunnskólahlutunum. Hildur sagði að reksturinn hefði í flestum þáttum gengið vel en vissulega væru hnökrar á slíkum rekstri og snéri það yfirleitt af því að kjarasamningar starfsfólks væru ólíkir. Hildur sýndi hópnum nýbyggingu og útfærslur á rýmum í húsnæðinu. Starfshópurinn fór þar á eftir í heimsókn í leikskólann Bjarkalund í Hafnarfirði, leikskólinn tók til starfa haustið 2016. Hópnum langaði að sjá nýbyggingu og hvaða breytingar hafa átt sér stað í hönnun á leikskólum. Að lokum var var farið á skólaskrifstofuna í Hafnarfirði og kynntar voru niðurstöður starfshóps sem var að skoða leiðir til að bæta starfsaðstæður í leikskólum í Hafnarfirði.

Áfangaskil fyrir skóla- og frístundaráð

Starfshópurinn kom tvisvar inn á fund skóla- og frístundaráðs og kynnti stöðuna í vinnu starfshópsins. Í fyrri skilum 15. janúar 2019 var farið yfir upplýsingar um fjölda leikskólaplássa á Akranesi miðað við fjölda barna í árgöngum. Niðurstöðurnar voru nýttar til að leggja mat á ákvörðun um fjölda þeirra barna sem fengju boð um leikskólapláss haustið 2019.

Á seinni kynningunni 28. febrúar 2019 í var farið yfir skilgreiningu á rými leikskólanna og þörf fyrir að fara í endurskilgreiningu.

Bygging nýs leikskóla

Starfshópurinn leggur til að farið verði í byggingu á nýjum sex deilda leikskóla, 150 barna og verði gert ráð fyrir að rými pr. barn sé að lágmarki 3,5 m².

Nýr leikskóli myndi taka við af leikskólanum Garðasel. Fjölgun leikskólaplássa, miðað við 441 pláss í leikskólunum í dag, yrði 76 ný pláss. Þó að starfshópurinn leggi til sex deilda leikskóla

Þá óskar hann eftir því að horft verði til hagstæðari einingar með þeim möguleikum að hægt verði jafnvel að bæta við deildum. Starfshópurinn leggur áherslu á að við hönnun og skipulag á nýju húsnæði verði gerð ítarleg þarfagreining meðal hagsmunahópsins, meðal stjórnenda, starfsfólks, foreldra og barna. Rýnifundir verði haldnir til að ná fram öllum sjónarmiðum og áherslum varðandi uppbygginguna.

Lagt er til að bygging nýs leikskóla verði staðsett í Skógarhverfi en á deiliskipulagi hverfisins er gert ráð fyrir leikskóla. Einnig er mikil uppbygging á hverfinu í dag og á næstu árum en gert er ráð fyrir um 1200 nýjum íbúðum. Við byggingu á nýjum leikskóla skapast rými í öðrum leikskólum og við það er hægt að auka rými pr. barn og huga að endurbótum á starfsmanna- og þjónusturýmum í Vallarseli og Teigaseli. Að auki verður ávinningur fyrir Grundaskóla en með byggingu nýs leikskóla í stað Garðasels skapast tækifæri fyrir Grundaskóla sem er í bráðavanda varðandi húsnæðismál sín að nýta Garðasel. Ljóst er að Grundaskóli þarf rými fyrir sína nemendur og starfsemi. Húsnæðið sem Garðasel er í er hentugt fyrir Grundaskóla, bæði varðandi stærð og staðsetningu. Þessi möguleiki felur ekki í sér aukningu á stöðugildum þar sem ekki er verið að auka starfsemi Grundaskóla heldur eingöngu að færa núverandi starfsemi í húsnæði vegna þrengsla. Samkvæmt upplýsingum sem starfshópurinn fékk frá skólastjóra Grundaskóla, Sigurði Arnari Sigurðssyni, þá hentar húsnæðið vel fyrir 1. bekk skólans og frístund 1. og 2. bekk og ekki þyrfti að gera miklar breytingar á því.

Starfshópurinn leggur einnig til að þegar nýr leikskóli hefur risið að hafinn verði undirbúningur á nýjum leikskóla sem tæki við af núverandi byggingu Teigasels. Brátt verður hafist handa við uppbyggingu á sementsreitnum og má því gera ráð fyrir að aukning verði á íbúðum á því svæði. Teigasel er þannig staðsett að það gefur ekki möguleika á stækkun enda þröngt allt í kringum hann. Starfshópurinn telur einnig að bygging nýs leikskóla í neðri hluta bæjarins, bæti ásýnd hans og verði hvatning fyrir fjölskyldufólk til á búa.

Verk- og tímaáætlun?

Samkvæmt upplýsingum frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs liti grófleg verk- og tímaáætlun á byggingu nýs leikskóla svona út:

Leikskóli 6-8 deilda, tímalína																											
Verkhlutar	2019								2020								2021										
	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des	jan	feb	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept	okt	nóv	des	jan	feb	mars	apríl			
Aðalskipulags- og deiliskipulagsbreyting																											
Skipulagslýsing	x																										
Lýmning		x																									
Auðlýsingatími			x	x																							
Svar við athugasemdum					x																						
Skipulagsstofnun					x																						
B-deild, stjórnartíðinda.								x																			
Hönnun leikskóla, Akrasel fyrirmynd																											
Starfshópur stofnaður		x																									
Val á hönnuðum, (spurning Akrasel)			x																								
Hönnun húss og íbúðar			x	x	x	x																					
Útboðsgögn					x	x	x																				
Útboðstími								x																			
Verktaki komin á verkið									x																		
Framkvæmdir																											
Framkvæmd fer af stað										x																	
Framkvæmdatími										>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	>	
Framkvæmd lýkur																										x	

Tímalína byggingu nýs leikskóla

Gera má því ráð fyrir að undirbúningur skipulags og hönnunar hússins myndi klárast í lok árs 2019 og framkvæmdir við byggingu leikskólans gætu því hafist í byrjun árs 2020. Miðað við þessa tímalínu er gert ráð fyrir að byggingu yrði lokið í apríl 2021.

Áfangatillögur

Hópurinn telur mjög mikilvægt að gerðar verðar breytingar á skilgreiningu Akraneskaupstaðar á rýmum pr. barn á leikskóla. Þar sem það er ljóst að fjöldi barna í leikrýmum þriggja leikskóla á Akranesi er of mikill

Líkt og kemur fram í svörum leikskólastjóra eru of mörg börn saman í mjög litlu rými í langan tíma í senn. Samkvæmt upplýsingum úr Karellen leikskólakerfinu eru tæplega 390 börn af þeim 440 börnum sem eru í leikskólanum í 8 tíma vistun eða meira. Flest eru þau í 8,5 tímum. Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 kemur fram í 6. gr. „Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.“ Í eldri leikskólabyggingum, sbr. Garðasel, Teigasel og Vallarsel, er mikið ábótavant í starfsmanna- og þjónusturými og fermetrarými á hvert barn er undir 3 m².

Þegar nýr leikskóli verður tekinn í notkun verði skilgreining á rýmum allra leikskóla færð í 3 m² pr. barn. Á 2. starfsári nýs leikskóla verði skilgreiningin færð í: 3,2 m² pr. barn og í 3,5 m² á þriðja starfsári.

Um leið og svigrúm skapast til að fækka börnum á tveimur eldri leikskólunum gefst tækifæri til að fara í endurbætur á vinnurými og þjónusturými í Vallarseli og Teigaseli. Starfshópurinn leggur til að skoðað verði að Vallarsel verði gerður að fimm deilda leikskóla í stað sex og ein deild verði nýtt í að auka starfsmannarými og stoðrymi fyrir starfsemina.

Þættir sem þarf að huga við byggingu nýs leikskóla
Við hönnun á nýjum leikskóla er mikilvægt að leitað verði til fagfólks leikskólanna til ráðgjafa, foreldra og barna. Við hönnun á húsinu verði litið til umhverfispátta og svæðið verði veðurgreint. Þó að starfshópurinn leggi til að leikskólinn rísi í Skógarhverfi þá sé það í höndum skipulags- og umhverfissvið að meta bestu staðsetninguna. Starfshópurinn leggur til að horft verði á eftirfarandi þætti við hönnun og skipulag nýs leikskóla:

- Efnisval þarf að gera skólann aðlaðandi og fallegan.
- Horfa þarf til þess að hönnun og skipulag nýti mannafla leikskóla sem best en kalli ekki eftir sérmönnun á svæði t.d. stórum sameiginlegum fataherbergjum.
- Hvíldarrými yngstu deildar ættu að vera að lágmarki tvö, helst þrjú til að mæta ólíkum hvíldartíma þeirra.
- Huga þarf að því að sameiginleg rými séu fjölnota, t.d. gólfefni á íþróttasal sé þannig að þar megi fara inn með stóla (fundir, fyrirlestrar, viðburðir). Lausir rafdrifnir milliveggir svipað og er að finna í nýja Frístundahúsinu gætu verið lausn í rými sem ætti að horfa til fjölnotkunar.
- Lýsing, loftgæði og hljóðvist þurfa að vera eins og best er á kosið
- Aðstaða fyrir starfsmenn þarf að vera góð og gera ráð fyrir rýmum til undirbúnings, samráðs, sérkennslu, stjórnendarymi, kaffistofu sem rúmar starfsmannahópinn með viðunandi hætti.
- Þjónusturými s.s. eldhús og búr fyrir áhöld og efnivið, -sérstök rými fyrir áhöld s.s. matarvagna.
- Þvottahús sé sér en ekki sameiginlegt með áhöldum fyrir ræstingu,
- Geymslur fyrir þvott /tuskur, áhöld, búnað sem ekki er í notkun alla daga.
- Geymslur á útifatnað og persónulega muni starfsmanna, -
- Íþróttasalur
- Listasmiðja.
- Lóð verði afmörkuð fyrir yngri og eldri kjarna og leiktæki á lóð taki mið af breiðri aldurssamsetningu.

Faglegt starf í leikskólum

Leikskólastarf á Akranesi er faglegt og getum við státað á góðum leikskólum. Ástæðan fyrir því er hversu hátt hlutfall starfsfólk er fagmenntað hefur verið og starfsmannavelta lítil. Leikskólar á Akranesi eru í sömu sporum og aðrir leikskólar á landinu að finna fyrir skorti á leikskólakennurum. Mikilvægt er að fjölga í leikskólakennarastéttinni og getur Akraneskaupstaður haft áhrif á þá þróun með því að styðja leikskólakennaranema í námi sínu. Reykjavíkurborg hefur m.a. farið þá leið að leikskólakennaranemar eru á launum í námslotum og vettvangsnámi. Leikskólarnir fá fjármagn inn til sín til að standa straum af afleysingu í fjarveru nemans. Frá því að þessi leið var farin í Reykjavíkurborg hefur orðin fjölgun þeirra sem hefja nám í leikskólakennarafræðum. Stuðningurinn skiptir miklu máli. Akraneskaupstaður gæti tekið stefnu Reykjavíkurborgar sér til fyrirmyndar. Starfshópurinn telur mikilvægt að Akraneskaupstaður fylgi fordæmum annarra sveitarfélaga og séu ekki eftirbátar í að styðja, efla og viðhalda því góða og faglega starfi sem fer fram í leikskólum á Akranesi. Mikilvægt er að hvetja og styðja starfsfólk leikskólanna til að sækja sér starfsmenntun við hæfi og efla faghópinn í leikskólunum. Skólarnir munu alltaf vera með hluta af almennu starfsfólki og ef tekst að efla starfsmenntun þeirra, t.d. leikskólaliðanám og sérstuðningsnám, mun það verða góð viðbót við menntunarstig í leikskólum.

Samantekt á niðurstöðum

Niðurstöður starfshóps eru á þann veg að leikskólar á Akranesi séu í dag í þeirri stöðu að ekki sé hægt að horfa fram á veginn án þess að bregðast við með uppbyggingu og endurbótum til að mæta þeirri gríðarlegu breytingu sem orðið hefur á starfsemi skólanna. Þær breytingar snerta innra starf leikskólanna og kröfur um stoðþjónustu, lengd dvalartíma barna, gæði rýma varðandi hljóðvist og loftgæði, aukið rými barna í leik og starfi og aukna þjónustu sem sveitarfélagið hefur ákveðið að veita.

Íbúafjölgun hefur verið mikil á Akranesi og samkvæmt spám mun sú þróun halda áfram. Fleiri íbúar kalla á aukna og fjölbreytta þjónustu og ein af þeim eru leikskólar. Gott aðgengi að góðum leikskólum er einn af lykilþáttum þegar fólk veltir fyrir sér búsetu og mikilvægt að sveitarfélagið horfi fram á veginn og setji sér það markmið að leikskólapláss verði ekki fyrirstaða fyrir búsetuvali.

Á Akranesi hefur leikskólastarfið tekið miklum breytingum eins og annars staðar. Nemendafjöldi leikskólanna hefur margfaldast miðað við upphaflega stöðu þegar þeir voru byggðir, að Akraseli undanskildu. Árið 2018 var þjónustustigið aukið með inntöku yngri barna og verður því þjónustustigi vart snúið við enda í takti við það sem önnur sveitarfélög eru að veita. Þessi staða hefur leitt okkur þangað sem við erum í dag og eru leikskólarnir þéttsetnir alla daga allan daginn og rýmið nýtt eins vel og kostur er og umfram það sem leikrými barna ætti að vera samkvæmt nýgildandi viðmiðum. Einhverjar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæði leikskólanna til að aðlaga það þessari þróun en í fæstum tilfellum leiða þær til fleiri fermetra eða aukins rýmis.

Starfshópurinn telur að með byggingu nýs sex deilda leikskóla, með möguleika á stækkun í átta deildir, náist eftirfarandi :

- Viðhalda þjónustustiginu
- Bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks með að auka rými og aðbúnað
- Fylgja íbúapróun
- Leysa húsnæðisvanda Grundaskóla

Starfshópurinn telur mikilvægt að horfa til framtíðar í leikskólamálum á Akranesi og áfram verði unnið að því að viðhalda góðu og faglegu leikskólastarfi.

Fylgiskjöl

ERINDISBRÉF FYRIR STARFSHÓP UM FRAMTÍÐARÞÖRF Á LEIKSKÓLAPLÁSSI Á AKRANESI

Forsendur

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 21. ágúst 2018 að stofna starfshóp til þess að meta framtíðarþörf fyrir leikskólalássi á Akranesi. Hópurinn geri þarfagreiningu á stöðunni í dag miðað við íbúafjölda, húsnæði og það þjónustustig sem nú er hjá leikskólunum eða aukið þjónustustig.

Verkefni starfshópsins

- Skilgreina alla þá þætti sem hafa áhrif á þarfir leikskólans og tekið sé mið af þeim lögum og reglugerðum og öðrum forsendum sem leikskólastarf byggir á
- Meta stöðu leikskólanna byggð á ofangreindum skilgreiningum
- Leggja mat á þörf á leikskólalássum út frá þarfagreiningu og spá um íbúapróun
- Koma með tillögur um leiðir til þess að mæta þörf á leikskólalássi á komandi árum, ásamt kostnaðarmati eins og kostur er

Fulltrúar í starfshópnum

- Fulltrúi meiri hlutans í bæjarstjórn formaður hópsins
- Fulltrúi minni hlutans í bæjarstjórn
- Sviðsstjóri / verkefnastjóri starfsmaður hópsins
- Fulltrúi leikskólastjóra
- Fulltrúi aðstoðarleikskólastjóra

Til ráðgjafar og samstarfs

Starfshópurinn leitar ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem við á t.d. til starfsmanna leikskólanna og foreldra með skipulögðum rýnifundum eða öðrum viðeignandi leiðum. Frá ráðgjöfum sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðfangsefni hópsins á hverjum tíma.

Starfstímabil

Starfshópurinn hefji störf eigi síðar en 1. október. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn kynni stöðuna í framvindu verkefnisins á fundi skóla- og frístundaráðs fyrir 1. febrúar 2019 og lokaniðurstöður í maí 2019.

Kostnaður

Greitt verður fyrir fundarsetu til þeirra einstaklinga sem sitja fundi utan vinnutíma, samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um laun fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum.

Samþykkt í bæjarráði Akranesi þann 13. september 2018

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



The image shows a blue ink signature of Sævar Freyr Þráinsson over a circular stamp. The stamp contains the text 'BÆJARSTJÓRINN' at the top, a small crest in the center, and 'AKRANES' at the bottom.

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

Samantekt á svörum leikskólastjóra

7. FEBRÚAR 2019



Hvernig metur þú vinnuaðstæður og nými í leikskólum á Akranesi í dag?

Rými of lítil

Mikill hávaði. Hefur verið unnið í að því bæta hljóðvist í einhverjum skólum

Barnafjöldi of stór

Starfsmannaástaða of lítil s.s. kaffistofa, undirbúningherbergi, fundarherbergi, salernisaðstaða.

Geymslurými lítið

Aðstaða í eldhúsi ekki í samræmi við þann rekstur sem er til staðar

Í einhverjum skólum er ákveðin rými fín

Tölvu- og tæknibúnaður er fín sem og innri búnaður fyrir börnin er í flestum skólum til fyrirmyndar

Útisivæðið ekki hentugt í einhverjum skólum fyrir mjög ung börn



Hvernig myndir þú vilja sjá aðstæður í leikskólum? Sbr. Rými og aðbúnað

Rými kaffistofa starfsmanna

Undirbúningsherbergi sem rúmar starfsmenn og þann búnað sem þarf að vera þar

Betri vinnuaðstaða inn í þvottahúsi

Stærri íþróttasal

Fundar,- viðtals og samráðsrými

Bætt útisvæði með yngstu börnin í huga

Aðbúnaður á yngstu deild með þarfi yngstu barnanna í huga

Halda áfram að bæta hljóðvist

Betra geymslurými

Fækka börnum á deildum

Auka við undirbúningstíma

Fataherbergi starfsmanna

Hvað telur þú vera mestu álagsvalda í leikskólastarfi

Hávaði

Fjöldi barna á deild

Löng viðvera barna og löng viðvera kennra inn á deildum

Kennarar sinna faglegum undirbúning á hlaupum og vantar að ófaglærðir fái skilgreinda undirbúningstíma

Lítið leikrými barna

Halda þarf stífu skipulagi vegna fjölda barna og stýringar inn á svæði

Tillögur að úrbótum

Auka fermetra pr. barn

Huga að rými fyrir yngstu börnin

Stytta vinnuvikuna og auka undirbúningstíma kennara

Undirbúningstímar ófaglærðir verða settir inn og skilgreindir

Íþróttasalur og listaskáli

Bætt aðstaða stjórnenda

Bætt salernisaðstaða starfsmanna

Geymslurými


Stærri kaffistofa sem rúmar starfsmenn

Bæta hljóðvist

Loka leikskólum á milli jóla og nýárs

Endurnýjun á útileiktækjabúnaði





ÁFANGASKIL STARFSHÓPS JANÚAR 2019

Starfshópur um
leikskólamáli

YFIRLIT YFIR STÖÐUNA

Árgangur 2013	börn 2017 jún- des	Börn fædd jan 2018	Börn fædd feb 2018	Börn fædd mars 2018	Börn fædd apríl 2018	Börn fædd maí 2018
100	56	9	7	9	4	16
Fjöldi lausra plássra	44	35	28	22	15	-1

- Eftir innritun fyrir haustið 2018 voru í kringum 15 laus pláss í leikskólum

LEIÐ 1

Að bjóða börnum fæddum janúar, febrúar, mars og apríl 2018 pláss.

Eftir standa 15 laus pláss

Enginn auka kostnaður

Vinna um framtíðarþörf í leikskólamállum væri enn í vinnslu

LEIÐ 2

Að bjóða börnum fæddum janúar, febrúar, mars, apríl og maí 2018 pláss

Í því fælist aukin kostnaður. Í þessum útreikning er ekki búið að gera ráð fyrir kostnaði við stofnun deildar, kaup á búnaði og fl.

Starfsmannakostnaður miðað við 5 mán ág-des		Skátahús, breytingar		Kennslustofa við leikskóla	
Aukning á stöðugildum	12.118.177	Stofnframlægmend	14.136.152	Fyrri áfangi m. Solernum	81,3 m ²
Dvalargjöld á móti	-2.250.000	Ekki upp í leigu	3.242.560	Seinni áfangi	34,0 m ²
	9.868.177	Upp í leigu	10.893.592		
Niðurgreiðslur til dagforeldra		Leiga á mánuði miðað við 37.mán til skáta	294.421	Verð fyrri áfangi	33.526.480
Kr. 825.000 pr. mánuð		Rouneleiga miðað við heildarútfang (37.mán)	382.058	Verð seinni áfangi	14.034.340
Kr. 4.125.000 miðað við 5 mánuði				Samtals	47.560.820
	9.868.177-4.125.000 = 5.743.177				

LEIÐ 3

Í samstarfi við FVA að 10 bekkir grunnskólanna myndu fara í húsnæði FVA

Ávinningur af því

- Rými skapast í báðum grunnskólum
- Grundaskóli er mjög aðþrengdur og vantar nauðsynlega rýmið sem myndast við þessa leið

Í Brekkubæjarskóla verður til auka rými, gæti það rými nýst fyrir leikskólastarf, elstu börn leikskólanna?

Kostnaður væri í starfsmannahaldi

Rými væri til staðar en gæti þurft einhverjar breytingar sem og lítið útisvæði er til staðar vegna byggingu nýs fimleikahúss.

Þessi leið er flóknari en að setja útikennslustofu við leikskóla, eins og varðandi starfsmannahald og stjórnun.

TILLAGA STARFSHÓP

Starfshópurinn leggur til að börnum fæddum janúar til og með maí 2018 verði boðið pláss og farið verði leið 2. Það er að setja auka kennslustofu við einn leikskólann.

ÁFRAMHALDANDI RÝNING STARFSHÓPS

Bygging nýs leikskóla

- Tillögur að staðsetningu
- Skipulagsferlið er um 20 vikur eða 5 mánuðir

Bygging húsnæðis sem væri bæði leik- og grunnskóli (mögulega yngri barna skóli) í Skógarhverfi en búið er að gera ráð fyrir grunnskóla í dælliskipulagi.

Starfshópurinn gerði sér ferð 10. janúar sl. á höfuðborgarsvæðið og heimsótti samrekstur leik- og grunnskóla.

Skoðaði nýja byggingu leikskóla

Fékk kynningu á niðurstöðum starfshóps í Hafnarfirði og áframhaldandi vinnu þar varðandi bættar starfsaðstæður í leikskólum

Rýning sem er eftir að fara betur í, er að skoða rými þr. barn. Starfskjör og starfsaðstæður starfsmanna í leikskóla. Vinnuáætlaða starfsmanna og barna. Leiðir til að stuðla að fjölgun þeirra sem mennta sig sem leikskólakennara.

Áfangaskil starfshóps um framtiðarpörf í leikskólamállum

15.4.2019

Starfshópur um framtiðarpörf í leikskólamállum

Spátölur fram til 2025 ásamt rauntölum 2010 (tekið úr skýrslu um mannfjöldaspá frá árinu 2015
1.Íbúaspá yfir heildaríbúafjölda á Akranesi 2013-2025
2.Tafla 1:Spá yfir heildaríbúafjölda á Akranesi 1. des hvert ár.

Ár	Hófstíllt spá	Meðalhófstíllt spá	Þjartsýminnspá
2013	6697	6697	6697
2014	6723	6723	6723
2015	6747	6747	6747
2016	6887	7132	7377
2017	6967	7302	7637
2018	7028	7395	7762
2019	7088	7463	7842
2020	7153	7532	7910
2021	7227	7603	7979
2022	7309	7682	8055
2023	7400	7770	8140
2024	7501	7868	8234
2025	7612	7975	8338

15.4.2019

Starfshópur um framtiðarpörf í leikskólamállum

1.Meðalhófstjórn 2020 og staðan 4. mars 2019

Alðurs hópar	2020	2019
0 til 4	554	391
5 til 9	539	506
10 til 14	525	552
15 til 19	509	492
20 til 24	554	506
25 til 29	521	531
30 til 34	450	500
35 til 39	482	552
40 til 44	425	468
45 til 49	477	496
50 til 54	373	375
55 til 59	416	411
60 til 64	449	428
65 til 69	353	353
70 til 74	291	302
75 til 79	199	190
80 til 84	184	167
85 til 89	151	109
90 til 94	60	41
95+	21	6
Samtals	7533	7436

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólalámum

Samanburður á fjölda miðað við verklag sem hefur tíðkast (börn tveggja ára á árinu fá pláss) og að bæta þjónustuna og bjóða yngri börnum pláss.

Fjöldi leikskólaplássa á Akranesi		
Akranes	150	
Garðabæ	74	
Teigabæ	74	
Vallabæ	143	
Alls	441	
	Fjöldi miðað við sömu þjónustu	Aukin þjónusta (yngri börn)
Skólaárið 2016-2017	428	
Skólaárið 2017-2018	416	
Skólaárið 2018-2019	405	442
Ef eingöngu börn fædd 2016 hefðu fengið pláss haustið 2018	405	eftir stæðu 36 laus pláss
Ef eingöngu börn fædd 2017 fengu pláss haustið 2019	400	Eftir stæðu 41 laus pláss

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólalámum

Yfirlit yfir stöðuna

Árgangur 2013	börn 2017 Jún-des	Börn fædd jan 2018	Börn fædd feb 2018	Börn fædd mars 2018	Börn fædd apríl 2018	Börn fædd maí 2018
100	56	9	7	9	4	16
Fjöldi lausra plássra	44	35	28	22	15	-1

- Eftir innritun fyrir haustið 2018 voru í kringum 15 laus pláss í leikskólum
- Inn í fjöldi lausra plássra er ekki búið að taka inn umsóknir eldri barna um leikskólapláss

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólamálu

Endurskilgreining á rými leikskóla-samanburður

Endurskilgreining á rými leikskólanna	*leikrými	Heildarrými	Óskastaða	Er verið að byrja á þessari vinnu	*Skilgreining leikrými Deildarrými og salur
Akureyri				Er verið að byrja á þessari vinnu	
Reykjavík	3 m2	7,5 m2	3,5 m2 LR/8 m2 HR	verið að taka skref í að fækka börnum 7% og svo 4% 2020.	
Kópavogur	3,2 m2	7,3 m3	7,5 m2		
Borgarbyggð	3 m2	7,5 m2	8 m2 HR		
Hafnarfjörður	3,5 m2	8 m2			
Reykjanesbær	3,5 m2	7,5 m2			
Hornafjörður	3 m2	7,5 m2			
Garðabær	3,5 m2	7 m2			
Akranes	3 m2	6,5 m2			
Borgarbyggð	3,5 m2	7,5 m2		Hugmynd er að 9m2 pr viðmiðið	
Árborg	3 m2	6,5 m2		Er verið að byrja á þessari vinnu	

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólamálu

Fermetrar á barn skólaárið 2018-2019

- Akrasel – þar eru 150 börn og 3,1 fm pr barn
- Garðasel - þar eru 77 börn og 2,75 fm pr barn
- Teigasel – þar eru 74 börn og 2,6 fm pr barn
- Vallarsel – þar eru 147 börn og 2,5 fm pr barn

Forsendur á rýmum eru að deildir og sameiginleg svæði eru reiknuð út og 1 fm er tekinn út fyrir hverja hurð / gönguleið í rýmum barna

Ekki eru salerni né fataherbergi inni í rými

Miðað er við áætlaðan fjölda barna í reiknilíkönunum í leikskólunum þá eru 7-10 börn umfram bann fjölda í dag

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólamállum

Starfsmanna – og þjónusturými leikskólanna

eldhús, fataherbergi, sérkennsla, fundarherbergi, skrifstofur, kaffistofur

Akrasel

- 190 fm
- 42 starfsmenn
- 4,5 fm pr starfsmann

Garðasel

- 66 fm
- 24 starfsmenn
- 2,75 fm pr starfsmann

Teigasel

- 69 fm
- 25 starfsmenn
- 2,75 fm pr starfsmann

Vallarsel

- 82,4 fm
- 40 starfsmenn
- 2 fm pr starfsmann

Þegar horft er til þessa rýmis í leikskólunum sést það gríðarlega forskot sem Akrasel hefur fram yfir hina þrjá.

Mikilvægt er að huga nú þegar að endurbótum / viðbyggingum í Garðaseli, Teigaseli og Vallarseli til að tryggja starfsfólki viðunandi vinnurými. Má þar helst nefna salerni, undirbúningsrými, kaffistofur og fundarherbergi.

Þá má horfa til þess að rými í eldhúsum þessara þriggja skóla er ófullnægjandi, mjög lítið og þröngt, miðað við kröfur um það sem snýr að mótuneytum í dag.

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólamállum

Tillögur

A – miðað við 3 fm á barn

- Óbreytt staða húsnæðis skólanna
- Fækkun leikskólapláss um 42 pláss
- Þörf á verulegri uppbyggingu og endurbótum á starfsmanna – og þjónusturýmum (G –T- V)
- Hljóðvist í þremur leikskólum

B – miðað við 3,5 fm á barn

- Óbreytt staða húsnæðis skólanna
- Fækkun leikskólapláss um 96 pláss
- Þörf á verulegri uppbyggingu og endurbótum á starfsmanna – og þjónusturýmum (G –T- V)
- Hljóðvist í þremur leikskólum

C – miðað við 3,5 fm á barn

- Nýr leikskóli – 4 deildir / engum lokað
- Fjölgun leikskólapláss um 100 pláss
- Þörf á verulegri uppbyggingu og endurbótum á starfsmanna – og þjónusturýmum (G –T- V)
- Hljóðvist í þremur leikskólum

D – miðað við 3,5 fm á barn

- Nýr 6 deilda skóli / þriggja deilda skóla lokað / rými skólans miðast við 3,5
- Fjölgun leikskólapláss miðað við fjöldann í dag verða 76 pláss
- Þörf á verulegri uppbyggingu og endurbótum á starfsmanna – og þjónusturýmum tveggja leikskóla
- Hljóðvist í tveimur leikskólum

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólum

Starfshópurinn leggur til að farið verði í endurskilgreiningu á rými pr. barn

- Markmið væri að útreikningur á rými pr. barn myndi fara úr 3 m² í 3,5 m².
- Heildarrými færi úr 6,5 m² í 7,5 m²

15.4.2019

Starfshópur um framtíðarþörf í leikskólum

Ályktun frá foreldraráði Garðasels

Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mott. af	Mott. dags.
12.1.0	MSK	25.3.19
Ábm.	Úrvæðli	Málsnr. Öre
VJ	FES	1903295

12. mars 2019

Til þess er málið varðar

Ályktun frá foreldraráði Garðasels

Á fundi foreldraráðs 11. mars 2019 var rætt um málefni leikskólans og þá sérstaklega útsvæði skólans og það plássleysi sem nemendur og starfsfólk þurfa að starfa við eins og málum er hátað í dag. Í kjölfarið ákvað foreldraráð að senda frá sér ályktun varðandi þessi málefni og senda til bæjarráðs Akraneskaupstaðar auk skóla- og frístundasviðs.

1. Foreldraráð hefur áhyggjur af aðbúnaði yngstu barnanna sem dveljast á Garðaseli. Síðastliðið haust voru tekin inn yngri börn en áður en því hafa ekki fylgt viðeigandi breytingar og aðlögun á útsvæði fyrir þennan hóp. Körfundla og rennibraut sem er á staðnum hentar ekki þessum litlu börnum sem komast ekki upp í þessi tæki. Því er skortur á leiktækjum og öruggum svæðum fyrir yngstu börnin til að geta notið sín og prófað sig áfram í sinni útiveru.
2. Á fundi með leikskólastjóra tengu fulltrúar í foreldraráði upplýsingar um nýmisgreiningu sem fram fór að frumkvæði leikskólanna á Akranesi. Niðurstöður þeirrar greiningar sýna ótvírætt að mjög mikilvægt er að Akraneskaupstaður drífi sig í að taka ákvarðanir um framtíð leikskólamála á Akranesi því staðan sé óviðunandi. Alvarlegt plássleysi er til staðar, bæði fyrir börn og starfsfólk skólanna. Flest barnanna eyða stórum hluta dagsins í leikskólanum og mikilvægt er að þau hafi rými til að leika sér, oflast og þroskast sem einstaklingar. Þrengt hefur verið verulega að leikrými hvers barns. Til dæmis hefur við útroikninga á hve mörg börn komast fyrir ekki verið tekið tillit til þess svæðis sem hver hurð þarf til að opnast, húsgagna á svæðinu og göngurýmis milli staða. Það þýðir að koma þarf mörgum börnum fyrir á litlum svæðum og börn nýta jafnvel salerni sem leiksvæði – eltt hvað sem fullorðnir létu ekki bjóða sér uppá. Leikskólinn á hrós skilið fyrir hvemig reynt hefur verið að vinna með þann yfirjölda barna sem eru í leikskólanum núna en slíkt getur ekki gengið til lengdar. Þá geta kornið upp ýmis vandamál sem starfsfólk getur ekki haft stjórn á, til að mynda getur hjóðhvís: orðið mjög slök við slíkar aðstæður en slíkt getur haft margskonar áhrif á bæði nemendum og starfsfólk (sjá t.d. <http://www.samband.is/media/skolamal/Handbok-Kennsluumhverfid--hluum-ad-rodd-og-hlustun.pdf>). Aðstæða fyrir starfsfólk er einnig mjög slök, aðeins er um eitt starfsmannasalerni að ræða, aðstæða fyrir starfsfólk í undirbúningi er Lakrúrukuð og eldhúsið er ekki hannað til að eða ofan í svona marga einstaklinga. Þetta plássleysi hefur þýtt það að starfsfólk þarf oft að beita útsjónasemi, mikilli skipulagninu og óþarfa tíma í að komast gegnum daginn, þegar þeirra eina hlutverk ætti að vera að kenna, styrkja og styðja við þau börn sem þarna dvelja, ekki að lagfæra óviðunandi vinnuaðstæður. Foreldraráð telur með öllu ótækt að bjóða starfsfólki og nemendum Garðasels upp á slíkan aðbúnað og gerir kröfu um að sveitafélagið boði úrbætur í þessu máli án tafar.

Virðingarfyllt,

Foreldraráð Garðasels 2018-2019

Berglind Pétursdóttir

Berglind Ósk Pétursdóttir

Rúsalind Signýjar Kristjánsdóttir

Rúsalind Signýjar Kristjánsdóttir

Hafdis Guðmundardóttir

Hafdis Guðmundardóttir

Sigurbjörg R. Ragnarsdóttir

Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir